

Matfugl ehf
Völuteigi 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 9. ágúst 2019
UST201901-207/E.H.
08.12.02

Efni: Eftirlit 2019 - Matfugl - Melavellir - Reglubundið eftirlit.

Þann 26. júní sl. fór fram eftirlit hjá Matfugli ehf. á Melavöllum. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik komu fram er varðar:


1. Reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002. Matfugl hefur ekki skilað grænu bókhaldi en skv. reglugerð ber búum sem hafa yfir 40.000 fugla að skila því fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðila hafði ekki verið gert viðvart um að bera ætti að skila grænu bókhaldi og óskað eftir frest til að skila því en frestur er veittur til 12. júlí nk.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. ágúst, 2019.

Virðingarfyllt



Einar Halldórsson



Hulda Soffía Jónasdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

EFTIRLITSSKÝRSLA

Matfugl - Melavellir Melavellir, Kjalarnes



Dags eftirlits	26.6 2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Matfugl - Melavellir	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Voluteigur 2	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	471103-2330	Flokkur	Þauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Tómas Jónsson	ÍSAT nr.	10 12.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá Matfugli á Melavollum. Fram kom eitt frávik er varðar skil á grænu bókhaldi

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsferð hjá Matfugli á Melavollum. Gengið var um svæðið og staðfest var að búið var að fjarlægja timburúrgang úr gili norðan megin við hænsnabúið. Snyrtilegt var í kringum búið og ekki tilefni til athugasemda

Haldinn var eftirlitsfundur eftir vettvangsferðir á Melavelli og Hurðarbak og eftirfarandi atriði rædd:

Rætt var um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda. Leiðbeiningar voru afhentar og farið yfir viðbragðsaðila en hringja skal í Neyðarlínuna 112 ef tilvik sem þarfnast tafarlausa aðgerða koma upp. Neyðarlínan hefur kallar svo til viðeigandi viðbragðsaðila. Senda skal Umhverfisstofnun tilkynningu í kjölfarið á ust@ust.is

Farið var yfir áhættumat til grundvallar á tíðni vettvangsferða fyrir þauleldi. Notast verður við áhættumatið til að ákvarða tíðni vettvangsferða á næsta ári

Grænt bókhald hefur ekki borist frá búum Matfugls en skv. reglugerð um grænt bókhald nr. 852/2002 ber þauleldisbúum með yfir 40.000 hænur að skila grænu bókhaldi. Græna bókhaldið er í vinnslu og var það lauslega skoðað með rekstraraðila í eftirlitinu.

Farið var yfir fóðurgjöf en allt fóður er hitameðhondlað áður en það kemur til búa Matfugls. Fylgst er stíft með fóðurnýtingu og fóðurgjöf breytt m.t.t. aldurs fuglanna

Frávik frá

Lýsing á fráviki

reglugerð um grænt bókhald nr. 851/2002

Matfugl hefur ekki skilað grænu bókhaldi en skv. reglugerð ber búum sem hafa yfir 40.000 fugla að skila því fyrir 1. maí ár hvert. Rekstraraðila hafði ekki verið gert viðvart um að bera ætti að skila grænu bókhaldi og óskað eftir frest til að skila því en frestur er veittur til 12. júlí nk.